

Nd.

327. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 35, frá 30. júlí 1909, um stofnun háskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

7. gr. laga nr. 35, 30. júlí 1909, skal orða þannig:

Biskup þjóðkirkjunnar er samkvæmt embættisstöðu sinni kennari við guðfræðideild háskólans, og nýtur hann sömu rjettinda um öll háskólamál sem prófessorar.

Aðrir kennarar háskólans eru prófessorar, dósentar og aukakennarar, en aukakennarar eru þeir kennarar nefndir, sem jafnframt gegna embættum eða öðrum aðalstörfum. Konungur skipar prófessorana, en ráðherra dósentana og aukakennara, að svo miklu leyti sem aukakennarar eru sjerstaklega skipaðir til kenstunnar. Áður en kennari er settur eða skipaður við háskólann

samkvæmt þessu, skal leita umsagnar hlutaðeigandi háskóladeildar um kennaraefnið.

2. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný grein, er verður 8. grein, svo hljóðandi:
Í guðfræðideild háskólans eru auk biskups 2 prófessorar.

Í læknadeildinni eru 2 prófessorar, 1 dósent og aukakennarar eftir því, sem ákveðið verður hverju sinni, og eru þeir fyrst um sinn þessir: hjerads-læknirinn í Reykjavík, holdsveikralæknirinn, efnafræðingur landsins, augn-læknir sá og tannlæknir, er styrks njóta úr landssjóði, og eru þessir auka-kennarar skyldir að kenna við háskólann með sömu kjörum og þeir kendu við læknaskólann.

Í lagadeild eru 2 prófessorar í lögfræði og 1 aukakennari.

Í heimspekideild eru 1 prófessor í heimspeki og 2 prófessorar í is-lenskri málfræði, bókmentasögu og sagnfræði. Hin 2 síðastnefndu embætti skal einungis veita þá er til fást menn, sem að dómi háskólaráðsins eru sjer-staklega vel hæfir.

Við allar deildir má skipa aukakennara, ef fje er til veitt í fjárlögum, og gildir sú skipun eigi lengur en fje er til veitt.

Prófessorar og dósentar taka laun úr rikissjóði eftir ákvæðum launalaga.

3. gr.

Jafnóðum og lög þessi koma til framkvæmda eru úr gildi numin:

Lög nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara.

Lög nr. 19, 1. okt. 1919, um breyting á 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara.

Lög nr. 25, 2. nóv. 1914, um stofnun kennarastóls í klassiskum fræð-um við Háskóla Íslands.

Lög nr. 34, 26. okt. 1917, um stofnun dósentsembættis við Há-skóla Íslands.

Lög nr. 35, 26. okt. 1917, um að skipa dr. phil. Guðmund Finnbogason kennara í hagnýtri sálarfræði við Háskóla Íslands.

4. gr.

Til þess að fækkun sú á embættum, sem leiðir af lögum þessum, komist sem fyrst í framkvæmd, skal beita, eftir því sem fært þykir, ákvæðinu í 16. grein stjórnarskrárinnar, þriðju málsgrein. Að öðru leyti kemur fækk-unin til framkvæmda jafnóðum og embættin losna.

5. gr.

Þegar lög þessi eru staðfest, skal færa breytingar þær, sem felast í 1. —2. gr., inn í lögina frá 30. júlí 1909, um stofnun háskóla, og getur konungur þá gefið út lögina þannig breytt, og með þeirri breytingu á greinatölu laganna, er þar af leiðir, sem lög um stofnun háskóla.